

**GJALDSKRÁ
fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Fjallabyggð.**

1. gr.

Fjallabyggð innheimtir gjald fyrir stofngjald fráveitu, fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélagini skv. gjaldskrá þessari, sbr. IV. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Fjallabyggð nr. 1294/2011.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús	kr. 45.000	á hvert hús.
Fyrir fjölbýlishús	kr. 15.000	á hverja íbúð.
Fyrir frístundahús	kr. 120.000	á hvert hús
Fyrir annað húsnæði	kr. 60	á hvern m ³ í húsnæðinu að 4.000 m ³ .
	kr. 15	á hvern m ³ > 4.000 m ³

Ef um tvöfalt frárennsliskerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

Gjöld miðast við byggingarvíslölu, grunnur 2010, eins og hún var í janúar 2014 (119,3 stig) og uppfærast á 3 mánaða fresti.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,36% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Rotþróargjald í kr.</i>
0 - 2.000	6.000
2.001 - 4.000	7.500
4.001 - 6.000	8.500
6.001 - 8.000	10.500
8.001 - 10.000	14.000
Rotþró > 10.000	4.000 pr. umframrúmmetra.

Verð miðast við að hreinsibill þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 2.500.

Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða aukajjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi til viðbótar við ofangreind rotþróargjöld.

Gjöld miðast við byggingarvíslölu, grunnur 2010, eins og hún var í janúar 2014 (119,3 stig) og uppfærast á 3 mánaða fresti.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfaranarveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar 15. desember 2014 staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunar-

Nr. 34

8. janúar 2015

varnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 431/2012 fyrir stofn-gjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Fjallabyggð.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar þann 11. desember 2014.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 15. desember 2014.

Fjallabyggð, 8. janúar 2015.

Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. janúar 2015